Dómsmálaráðuneytið
b.t. skrifstofu alþjóðamála
Skúlagötu 4
101 Reykjavík

Sent með island.is

Reykjavík, 16. nóvember 2026

Efni: Umsögn KSÍ við mál nr. S-225/2026 - drög að reglugerð um framfærslu vegna umsókna um dvalarleyfi og íslenskan ríkisborgararétt.

Vísað er til draga dómsmálaráðuneytis að reglugerð um framfærslu vegna umsókna um dvalarleyfi og íslenskan ríkisborgararétt. Samkvæmt fyrirliggjandi drögum er lagt til að hækka fjárhæð framfærsluviðmiða vegna umsókna um dvalarleyfi. Á hverju ári kemur fjöldi erlendra aðila til Íslands í því skyni að taka þátt í skipulögðu íþróttastarfi og ljóst er að hærri framfærsluviðmið koma til með að hafa áhrif á starf íþróttafélaga hér á landi, þ. á m. knattspyrnudeilda landsins.

Af drögunum virðist mega ráða að framfærsluviðmið fyrir einstaklinga hækki töluvert, með tilheyrandi auknum kostnaði fyrir íþróttafélög. Sum félög reiða sig á erlenda leikmenn og/eða þjálfara til að geta teflt fram liðum með heimamönnum. KSÍ telur því rétt að stíga varlega til jarðar og gæta þess að breytingarnar verði íþróttafélögum ekki of íþyngjandi. Að mati KSÍ hefur núverandi fyrirkomulag framfærslu vegna dvalarleyfa íþróttafólks og þjálfara almennt gefist vel, bæði fyrir félögin og einstaklingana sem um ræðir. Því telur KSÍ fullt tilefni til að skoða meiri sveigjanleika fyrir íþróttafélög, án þess að slakað sé á kröfu um trygga framfærslu.

KSÍ telur rétt að skoða hvort svigrúm sé til að miða við lægri lágmarksfjárhæð framfærslu vegna erlends íþróttafólks og þjálfara sem dvelja hér á landi á vegum íslenskra íþróttafélaga. Við þessa skoðun mætti jafnframt skoða leiðir á borð við þær sem drögin leggja til fyrir einstaklinga sem dvelja hér í trúarlegum tilgangi og sjálfboðaliða á vegum félagasamtaka, þ.e. hvort íþróttafélögum geti verið heimilt að telja húsnæði og fæði sem hluta framfærslu. Með slíkri útfærslu mætti tryggja framfærslu erlends íþróttafólks og þjálfara og veita íþróttafélögum jafnframt svigrúm til að mæta framfærsluviðmiðum með öðrum hætti en beinum peningagreiðslum.

Virðingarfyllst,

Axel Kári Vignisson
lögmaður/lögfræðingur KSÍ